

Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

EFNISYFIRLIT

Sjálfbærnistefna	18
Sjálfbærniregluverk.....	20
Sjálfbærniuppgjör Brimborgar	21
Umhverfisleg sjálfbærni.....	21
Sjálfbærniuppgjör	21
Kolefnisjöfnun	21
Úrgangsstjórnun.....	21
Ýmsar aðgerðir	21
Aðgerðir og samhengi umhverfislegarar sjálfbærni við heimsmarkmið	22
Félagsleg sjálfbærni.....	22
Ýmsar aðgerðir	23
Aðgerðir og samhengi félagslegrar sjálfbærni við heimsmarkmið.....	23
Sjálfbærir stjórnarhættir	24
Ýmsar aðgerðir	24
Aðgerðir og samhengi sjálfbærra stjórnarháttanna við heimsmarkmið	24
Upplýsingagjöf vegna flokkunarreglugerðar ESB	25
Hæf starfsemi í skilningi reglugerðarinnar	25
Umhverfislega sjálfbær starfsemi	27
Verulegt framlag til mótvægis við loftslagsbreytingar	27
Lágmarksverndarráðstafanir	28
Að valda ekki umtalsverðu tjóni.....	29
Hindranir vegna skorts á innleiðingu, leiðbeiningum og túlkun stjórnvalda	31
Lykilmælikvarðar	31

Sjálfbærnistefna

Framtíðarsýn Brimborgar er að svara þörfum samtímans með sjálfbærni að leiðarljósi og virkri þátttöku í gagnsæri uppbyggingu íslensks samfélags til framtíðar og starfa með hagsmuni allra hagaðila fyrirtækisins að leiðarljósi í þeim tilgangi að tryggja tilvist og viðgang fyrirtækisins.

Í ljósi framtíðarsýnar Brimborgar er hlutverk félagsins að bjóða, til kaups eða leigu, sérsníðnar sjálfbærar heildarlausnir á sviði bíla og atvinnutækja og viðeigandi íhluta auk ráðgjafar og þjónustu við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.

Sjálfbærnistefnan byggir á kjarnagildum sem miða að því að skapa menningu virðingar, trúmennsku og umhyggju þar sem starfsfólk er árangurs- og lausnadrifið, frumkvæði er í hávegum haft, starfsfólk sýnir ástríðu í sínum störfum og horfir til sjálfbærni hvað varðar umhverfismál, félagslega þætti og stjórnhætti við hverja ákvörðun.

Kjarnagildin eru grundvallarmál og skapa traust og því viljum við vera;

- **Árangursdrifin:** Við viljum að viðskiptavinir okkar nái markmiðum sínum og framúrskarandi árangri eins og við með öflugri samvinnu innan teyma og milli teyma.
- **Lausnamiðuð:** Við hlustum á viðskiptavini og samstarfsfólk og nýtum hæfileika okkar til að finna bestu lausnirnar hratt og vel.
- **Frumkvöðilar:** Við erum forvitin, óhrædd við breytingar, hugrókk, viðsýn, lærum af mistökum og gleðjumst yfir árangri.
- **Ástríðufull:** Við erum stolt af starfi okkar, sinnum því glöð af virðingu og trúmennsku með gagnsæi og traust að leiðarljósi.
- **Sjálfbær:** Við hugum að framtíðinni við ákvarðanatöku með áherslu á snyrtimennsku og góða umgengni við umhverfið, tryggjum að ákvarðanir okkar hafi jákvæð áhrif á samfélagslega þætti og virðum lög, reglur og góða viðskiptahætti með góðum stjórnháttum.

Meginreglur

Stjórn, stjórnendur og starfsfólk Brimborgar skulu ávallt fylgja ákveðnum meginreglum sem eru:

- starfa eftir kjarnagildum fyrirtækisins.
- trúa að góð mannleg samskipti skapi félagslegan hreyfanleika fólks og stuðli að öryggi þess og lífshamingju.
- benda fólki á það sem vel er gert svo það læri að meta gæði eða notagildi.
- hlýða lögum ásamt félagslegum og faglegum viðmiðunum um áreiðanleika, aðgengileika og notagildi.
- leitast við að skilgreina og skilja óskir og þarfir hvers hagaðila í þeim tilgangi að aðstoða hann við að uppfylla eigin markmið um hreyfanleika á hagkvæman hátt.
- sækjast eftir því að vera fjárhagslega sjálfstætt og ná fram viðunandi hagnaði til hagsbóta fyrir hagaðila.
- ráða til samstarfs fagfólk af báðum kynjum með gildismat sem samrýmist kjarnagildum og meginreglum fyrirtækisins. Fólk sem metur mikils orð og gjörðir eins og sjálfbærni, ástríðu, ábyrgð, tillitssemi, umburðarlyndi, árangur, frumkvæði, þekkingarleit og samvirkni.
- veita reglubundna og rétta starfsþjálfun og framúrskarandi starfsaðstöðu.
- vinna með og þróa gæðastjórnnærkerfi fyrirtækisins í þeim tilgangi einum að auka gæði eða notagildi þjónustu Brimborgar með stöðugleika í samskiptum við hagaðila að markmiði.

Meginmarkmið Brimborgar eru:

- að Brimborg verði eftirsóttasta fyrirtækið á íslenskum bíla- og atvinnutækjamarkaði, nýtt sem notað.
- að endursala vörumerkja Brimborgar verði framúrskarandi.
- að Brimborg verði eftirsóknarverðasti og öruggasti vinnustaður bílgreinarinna og meðal þeirra framsæknu í vinnuverndar- og jafnréttismálum á Íslandi.
- að Brimborg verði í hópi fjárhagslega framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi.
- að Brimborg verði meðal framsæknu fyrirtækja á Íslandi í neytendaverndarmálum. að Brimborg verði meðal framsæknu fyrirtækja á Íslandi í sjálfbærnimálum.
- að Brimborg verði fremsta bílaumboðið á Íslandi þegar litið er til hjartahlutdeildar, ánægju viðskiptavina.

Skipulag Brimborgar byggir á sex viðskiptasviðum og þremur stoðsviðum. Viðskiptasviðin, „Ford, Volvo, Polestar“, „Mazda, Citroën, Peugeot, Opel“, „Saga bílaleiga“, „Brimborg Akureyri“, „MAX1 Vélaland“ og „Veltir – atvinnutæki“ eru tekjusvið með starfsemi í samræmi við hlutverk Brimborgar með sérhæfðar áherslur á mismunandi birgja, vörur og þjónustu. Nánari upplýsingar um félagið og vöru- og þjónustuframboð þess má finna á vefnum www.brimborg.is og fleiri vefsvæðum félagsins sem nálgast má þaðan.

Stoðsvið sjá um miðlæga starfsemi eins og fjármál- og upplýsingatækni, mannauðsmál, rekstur fasteigna félagsins, vöruhús og aðra miðlæga starfsemi. Framkvæmdastjórnar eru yfir hverju sviði og forstjóri þeirra næsti yfirmaður. Markaðsdeild, umhverfisnefnd og netöryggisráð heyrir undir forstjóra. Jafnréttisnefnd og tvær öryggisnefndir Brimborgar heyra undir framkvæmdastjóra mannauðsviðs. Innkaupanefnd heyrir undir framkvæmdastjóra fjármálsviðs.

Skipulagið er birt myndrænt á vef félagsins.

Félagið stýrir áhættu meðal annars með ítarlegri áætlanagerð niður á svið og deildir þar sem framkvæmdastjórnar eru ábyrgir fyrir gerð, framsetningu, framkvæmd og framgangi áætlunar.

Markmið félagsins skulu ávallt endurspeglast í gildum þess og loforði skipulagsins um að vera öruggur staður að vera á. Hvort sem átt er við vinnustað eða stað til verslunar og þjónustu.

Kjörorð fyrirtækisins er: **Brimborg - öruggur staður til að vera á.**

Sjálfbærnistefnan er leiðarljós starfsfólks Brimborgar og þar er að finna margvíslegar undirstefnur sem eru umhverfisstefna, mannauðsstefna sem innifelur jafnréttisstefnu, jafnlaunastefnu, stefnu gegn barnaprælkun og nauðungarvinnu, stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi (ekki birt á vef) og stefnu um vernd uppljóstrara. Undir sjálfbærnistefnuna falla einnig innkaupastefna, persónuverndarstefna, stefna gegn mútum, samkeppnisstefna, upplýsingaöryggisstefna (ekki birt á vef), stjórnarháttayfirlýsing og starfsreglur stjórnar auk þess sem sjálfbærnistefnan sjálf innifelur leiðbeiningar um góða viðskiptahætti sem jafngildir siðareglum. Viðeigandi stefnur er að finna á vef félagsins.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Brimborg hefur ákveðið að tengja sjálfbærnistefnu félagsins við eftirfarandi 13 af 17 [heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna](#).

- **Engin fátækt (1)** – Brimborg leggur sitt af mörkum til að útrýma launamun með skýrri launastefnu, góðum og vel launuðum störfum og með því að styrkja stöðu fólks sem stendur höllum fæti, sérstaklega barna.
- **Heilsa og velliðan (3)** – Fyrirtækið styður starfsfólk til heilbrigðari lífsstíls með markvissum forvörnum og veitir stuðning við hópa sem standa höllum fæti, til að bæta heilsu og velliðan.
- **Menntun fyrir alla (4)** – Tryggt er gott aðgengi starfsfólks að þjálfun og menntun. Brimborg tekur þátt í verkefnum sem fjölga nemendum í verk- og tækninámi, eflir læsi og vinnur að framtíð íslenskrar tungu.
- **Jafnrétti kynjanna (5)** – Unnið er að jöfnun kynjanna í bilgreininni, gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og að hækka hlutfall feðra sem tekur fæðingarorlof.
- **Sjálfbær orka (7)** – Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa er hækkað með orkuskiptum á landi og með áherslu á orkusparnað, orkunýtni og staðbundna sjálfbæra orkuframleiðslu sem léttir álag á orkukerfið.
- **Góð atvinna og hagvöxtur (8)** – Búið er upp á góð, vel launuð störf með plássi fyrir fólk með skerta starfsgetu, jöfn tækifæri og laun fyrir sömu vinnu. Aukinni framleiðni er náð í sátt við umhverfi og samfélag.
- **Nýsköpun og uppbygging (9)** – Brimborg byggir upp menningu nýsköpunar, styður vísindarannsóknir sem tengjast bilgreinum, orkumálum og ferðaþjónustu og eflir innviði samgangna og ferðaþjónustu með áherslu á hreinorku.
- **Aukinn jöfnuður (10)** – Fyrirtækið jafnar stöðu fólks óháð uppruna, þjóðerni, trú, lífsskoðun, fötun, skerti starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund. Þar með eru skapaðar aðstæður til að innflytjendur verði virkir þátttakendur í íslensku samfélagi.
- **Sjálfbærar borgir og samfélög (11)** – Brimborg leggur sitt af mörkum til sjálfbærrar borgarþróunar, sérstaklega í samgöngum, byggingum og öðrum innviðum.
- **Ábyrg neysla og framleiðsla (12)** – Hringrásarhugsun er innleidd í rekstur Brimborgar og viðskiptavinum er aðstoðað við hringrásarhugsun, þannig að nýting auðlinda fari ekki yfir þolmörk náttúrunnar og reksturinn sé í sátt við náttúru og samfélag.
- **Aðgerðir í loftslagsmálum (13)** – Með gagnadrifinni stjórnun, reglulegum mælingum og markmiðasetningu er dregið úr umhverfisáhrifum Brimborgar og innleiddar viðeigandi aðgerðir.
- **Friður og réttlæti (16)** – Lög og reglur eru virt, skipulögð brotastarfsemi er barin niður, tryggður er vinnustaður án ofbeldis og traust á fjölmiðlum, stjórnámálum, stjórnsýslu og réttarkerfi er styrkt. Stuðningur er veittur hópum sem verða fyrir ofbeldi.
- **Samvinna um markmiðin (17)** – Stjórnendur Brimborgar sýna gott fordæmi og vinna að umhverfis-, félags- og stjórnarháttamarkmiðum bæði inn á við og út á við.

Sjálfbærniregluverk

Árið 2014 tók *tilskipun 2014/95/ESB* gildi í Evrópusambandinu og markaði tímamót með því að krefja ákveðin félög – einkum einingar tengdar almannahagsmunum og stór félög – um upplýsingar um umhverfis- og samfélagsáhrif, mannauðsmál, mannréttindi og spillingarvarnir í skýrslu stjórnar. Markmið tilskipunarinnar var að auka gegnsæi um hvernig sjálfbærni tengist rekstri fyrirtækja og áhrif rekstursins á samfélag og umhverfi. Í íslenskum rétti var þessi tilskipun innleidd árið 2016: *Með lögum nr. 73/2016* var nýrri grein, 66. gr. d, bætt við *ársreikningalög nr. 3/2006*. Þótt lögin krefjast fyrst og fremst frásagnar hafa markaðsaðilar byrjað að gera kröfur um skilgreindari, töluleg sjálfbærni gagna: Nasdaq gaf 2019 út frjálsa *ESG Reporting Guide* sem hvetur bæði skráð og óskráð félög til að birta staðlaðar sjálfbærni kiltölur og tengja þær við alþjóðlega ramma [Nasdaq](#). Ársreikningaskrá hefur í framhaldi lagt áherslu á að félög vísi skýrt til lagaákvæðisins í stjórnarskýrslu sinni og styðji með viðeigandi gögnum. Í kjölfarið hófu mörg íslensk fyrirtæki að gefa út sérstaka sjálfbærnisráðgjöf með meðfylgjandi sjálfbærniuppgjöri með **UFS-lykiltölum**. Brimborg hefur því gefið út sérstaka **sjálfbærnisráðgjöf** frá rekstrarárinu 2021 með **sjálfbærniuppgjöri** í samræmi við UFS-leiðbeiningarnar.

Á síðari árum hefur Evrópusambandið þróað frekari löggjöf til að stýra fjármagni í átt að sjálfbærni. 1. júní 2023 tóku gildi *lög nr. 25/2023*, sem innleiddu *flokkunarreglugerð ESB ((EU) 2020/852)* á Íslandi. Brimborg skal því birta, árlega, hlutfall veltu, fjárfestinga og rekstrarkostnaðar sem telst **hæf** (*eligible*) og **samræmd** (*aligned*) starfsemi. Frá rekstrarárinu 2023 innihélt **sjálfbærnisráðgjöf** Brimborgar sérstakan kafla vegna *flokkunarreglugerðarinnar*.

Í febrúar 2024 samþykkti EES-nefndin *framselda reglugerð (EU) 2023/2486* (ný tæknileg matsviðmið fyrir markmið 3–6) og *uppfærð loftslagsviðmið (EU) 2023/2485*. Þau verða bindandi hér með *reglugerð nr. 1207/2024* frá **1. janúar 2025**. Fyrir rekstrarárið 2024 nægir því að birta **hæf** hlutföll fyrir markmiðin 3–6; samræmd hlutföll verða skyld frá og með skýrslu 2025 og mun Brimborg gera það í þessari skýrslu.

Í tengslum við aukna áherslu á sjálfbærnimál hóf Brimborg árið 2023 undirbúning að innleiðingu *tilskipunar Evrópusambandsins (Corporate Sustainability Reporting Directive, CSRD)* um sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja og fólst undirbúningurinn meðal annars í vinnu við **tvöfalda mikilvægisgreiningu** með þátttöku innri og ytri hagaðila. Sú vinna hélt áfram á árinu 2024. *Tilskipunin Corporate Sustainability Reporting Directive (CSRD)* var samþykkt af ESB árið 2022, hún kemur í stað *NFRD-tilskipunarinnar* frá 2014 og hefur mun viðtækara gildissvið. Tilskipuninni fylgja nýir **ESRS-staðilar** (*European Sustainability Reporting Standards*) sem skilgreina ítarlega hvað skuli koma fram í sjálfbærnisráðgjöf. Í raun markar þetta nýtt tímabil þar sem sjálfbærniupplýsingar verða jafnstór hluti af ársskýrslugjöf og fjárhagslegar upplýsingar, í takt við markmið Evrópusambandsins um **Græna samninginn** og sjálfbærara hagkerfi.

Markmiðið var að öll aðildarríki, sem og aðildarríki að EES samningnum, hefðu fært tilskipunina inn í landslög fyrir 6. júlí 2024. Stærri fyrirtæki áttu þá að vera byrjuð að skila skýrslum eftir ESRS staðlinum fyrir reikningsár 2025/2026. Vegna tafa í mörgum ríkjum – á Íslandi þar með talið – samþykkti ESB í apríl 2025 svonefndan **Omnibus-„stop-the-clock“** pakka sem **frestar CSRD-skilum um tvö ár** (fyrstu skýrslur nú 2027/2028) og framlengir innleiðingarfrest ríkja til 31. desember 2025. Íslensk stjórnvöld vinna nú að innleiðingu *CSRD* og frumvarp er á dagskrá haustið 2025.

Þessi þróun hefur engin áhrif á skyldur Brimborgar samkvæmt núgildandi lögum á Íslandi en hafði áhrif á forgangsörðun sjálfbærnivinnu innan Brimborgar. Upphaflega var gengið út frá því að *CSRD tilskipunin* tæki gildi fyrir rekstrarárið 2024 og skila þyrfti skýrslu eftir **ESRS staðlinum** árið 2025. Á árinu 2024 hóf Brimborg því heildaryfirferð stefna og verkferla með það að markmiði að uppfylla kröfur **ESRS staðalsins**. Mikil áhersla var lögð á þá félagslegu þætti og stjórnarhætti sem Brimborg taldi mikilvægasta eftir **tvöfalda mikilvægisgreiningu**, ekki síst vegna þess að mikil samsvörun er á milli þeirra þátta í **ESRS staðlinum** og þess sem þarf til að uppfylla **lágmarksverndarráðstafanir (minimum safeguards)** *flokkunarreglugerðarinnar*.

Seint á árinu 2024 stöðvaði félagið þó umfangmestu ESRS vinnuna tímabundið vegna óvissu um hvenær *CSRD tilskipunin*, og þar með **ESRS staðallinn**, yrði innleidd á Íslandi.

Brimborg hélt þó engu að síður áfram undirbúningi:

- Endurskoðaði mannauðs-, mannréttinda-, jafnréttis- og öryggisstefnur og verklag
- Endurskoðaði siðareglur birgja og innkaupastefnu
- Lagði grunn að framkvæmd mannréttinda-áreiðanleikakönnun (HRDD) í eigin rekstri og virðiskeðju;
- Yfirfór núverandi ESG gögn og kortlagði hvað þyrfti að mæla aukalega skv. ESRS staðlinum.

Þessi vinna er nú langt komin og mun Brimborg geta fullyrt á allra næstu mánuðum að félagið uppfylli **lágmarksverndarráðstafanir** (minimum safeguards) sem bæði *CSRD* og *flokkunarreglugerðin* krefjast.

Enn ríkir óvissa um hvort aðrar tillögur Omnibus-einföldunarpakkans verði samþykktar óbreyttar hjá Evrópuþinginu og þá hvernig og hvenær þær taka gildi á Íslandi. Þar er um að ræða gildissvið tilskipunarinnar og ef tillögunar verða samþykktar óbreyttar þar og á Íslandi mun Brimborg líklega falla út fyrir gildissvið upplýsingarskyldunnar, bæði hvað varðar *CSRD tilskipunina* og *flokkunarreglugerðina*.

Þrátt fyrir óvissu um framtíðarákvæði og endanlega upplýsingaskyldu hefur Brimborg kosið að halda áfram heildaryfirferð og umbótavinnu með kröfur *CSRD* og *flokkunarreglugerðarinnar* að leiðarljósi. Brimborg kys að horfa á sjálfbærniregluverkið sem gæðakerfi, ekki einungis eitthvað til að uppfylla heldur fyrst og fremst öflugt tól til umbóta og framfara á öllum sviðum starfseminnar.

Sjálfbærniuppgjör Brimborgar

Brimborg birtir árlega heildstætt sjálfbærniuppgjör sem hefur að geyma allar helstu upplýsingar um UFS frammistöðu Brimborgar á tilteknu rekstrarári og er í samræmi við UFS-leiðbeiningar Nasdaq frá árinu 2019. Brimborg stefnir að því að sjálfbærniuppgjör félagsins verði í framtíðinni staðfest af ytri endurskoðendum.

Brimborg birtir í ár sitt fjórða sjálfbærniuppgjör, sem er unnið með aðstoð sjálfbærnihugbúnaðarfyrirtækisins Klappir Grænar Lausnir. Uppgjörið byggir á þeim upplýsingum sem umhverfshugbúnaður félagsins, Klappir EnviroMaster, hefur safnað saman yfir árið auk annarra umhverfisupplýsinga úr upplýsingakerfum Brimborgar auk upplýsinga um félagslega þætti og stjórnarhætti sem einnig er safnað í upplýsingatækni-kerfum Brimborgar.

Brimborg hefur hafið vegferð að því að setja sér markmið til styttri og lengri tíma út frá vísindalegum samþykktum aðferðum þar sem m.a. verða sett markmið um að ná niður kolefnisspori árið 2030 til að leggja sitt af mörkum til að ná losunarmarkmiðum Íslands og til lengri tíma að verða kolefnishlutlaus. Þessi markmið og aðgerðir verða í samræmi við Parísarsamkomulagið um að halda hækkun á hitastigi jarðar innan við 1,5°C til 2030 (Science Based Target, SBTi).

Umhverfisleg sjálfbærni

Brimborg starfar samkvæmt umhverfisstefnu sinni, Vistvænum skrefum, þar sem áhersla er lögð á raunhæfar aðgerðir til að hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Þetta endurspeglast einnig í innkaupastefnu félagsins. Umhverfis- og innkaupastefnum er fylgt eftir með mælanlegum markmiðum og aðgerðum, bæði af stjórn félagsins og nefndum á sviði umhverfis- og innkaupamála. Niðurstöður eru birtar árlega í sjálfbærniuppgjöri Brimborgar.

Félagið tekur virkan þátt í samfélagsumræðu og aðgerðum á sviði umhverfismála. Brimborg hefur skrifað undir loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar, er meðlimur í Festu, og fylgir lögum og reglum um umhverfisáhrif reksturs síns.

Sjálfbærniuppgjör

Í sjálfbærniuppgjöri fyrir árið 2024 er kolefnisspor félagsins reiknað með Klapparkerfinu eins og áður, samkvæmt umfangi 1 (bein losun), umfangi 2 (óbein losun vegna raforku og hitaveitu) og sex undirflokkum umfangs 3 (óbein losun úr virðisbætti). Árið 2022 hóf Brimborg undirbúning að kolefnishlutleysi samkvæmt Science Based Targets Initiative (SBTi), en umfang verkefnisins reyndist meira en áætlað var. Því heldur sú vinna áfram með viðamikilli aðgerðaáætlun til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Félagið heldur einnig áfram vinnu við stefnumótun út frá UFS-viðmiðum, meðal annars með mikilvægisgreiningu og skilgreiningu mælanlegra markmiða og lykilmælikvarða.

Kolefnisjöfnun

Samkvæmt lögum um loftslagsmál felst kolefnisjöfnun í því að einstaklingar eða fyrirtæki fjármagna aðgerðir sem koma í veg fyrir losun gróðurhúsalofttegunda eða fjarlægja þær úr andrúmsloftinu. Þegar fyrirtæki ákveða að kolefnisjafna losun sína er mikilvægt að velja vottuð verkefni með sannanlegan loftslagsávinning. Umhverfisstofnun hefur gefið út leiðbeiningar um kaup á kolefniseiningum.

Brimborg stundar skógrækt í litlum mæli á Esjumelum þar sem starfsfólk plantar trjáum árlega, en gerir ekki kröfur um kolefnisbindingu né kaupir kolefniseiningar í tengslum við það. Sérfræðingar hafa bent á að kolefnisjöfnun geti verið óáreiðanleg til lengri tíma litið og mæla frekar með því að fjármagni sé varið í beinan samdrátt í losun þar til allar leiðir til samdráttar hafa verið nýttar til fulls.

Úrgangsstjórnun

Á árinu var haldið áfram að vinna í ferlum varðandi úrgangsstjórnun með það að markmiði að skýra betur gagnvart starfsfólki flokkun úrgangs og endurvinnslu. Það leiddi til margvíslegra breytinga í úrgangsflokkun með aukinni þjálfun og betra skipulagi á ílátum fyrir úrgang. Meðalstór jarðgerðarvél var innleidd árið 2023 í húsnæði Brimborgar fyrir starfsemi á höfuðborgarsvæðinu og annarri minni bætt við á starfsstöð í Reykjanesbæ. Á árinu náðist að hefja söfnun lífræns úrgangs frá átta starfsstöðvum af níu sem er safnað og sett í jarðgerðarvélnar. Framúrskarandi árangur náðist í flokkunarhlutfalli og endurvinnsluhlutfalli alls úrgangs sem þýddi að þrátt fyrir smávægilegan vöxt í úrgangi þá lækkaði kolefnisspor frá honum annað árið í röð.

Ýmsar aðgerðir

Bakslag varð í nýskráningum rafbíla árið 2024 vegna ýmissa aðgerða stjórnvalda sem höfðu neikvæð áhrif á innleiðingu rafbíla. Markaður fyrir rafmagns fólksbíla dróst saman um 69,7% frá fyrra ári. Sala Brimborgar dróst þó minna saman, sem varð til þess að hlutdeild fyrirtækisins á rafbílamarkaði fólksbíla jókst úr 13,5% í 19,7%. Rafbílar námu 47,3% af heildarsölu Brimborgar á fólksbílum, en aðeins 26,0% af heildarfólksbílamarkaðnum.

Markaðurinn fyrir rafsendibíla dróst saman um 51,5%. Brimborg hafði 47,1% hlutdeild á þeim markaði og rafbílar voru 51,2% af heildarsölu fyrirtækisins á sendibílum samanborið við 10,1% af heildarsendibílamarkaði.

Nokkrir rafmagnsvörubílar frá Brimborg voru nýskráðir árið 2024 og bættust því við rafmagnsvörubílana sem nýskráðir voru árið 2023. Samanlagt hafði þeim verið ekið yfir hálfa milljón kílómetra í árslok. Á árinu bættust einnig nokkrar rafmagnsvinnuvélar við flotann í landinu. Brimborg hélt áfram uppbyggingu hraðhleðslunets fyrir rafbíla undir vörumerkinu Bilorka og voru staðsetningar orðnar 14 í árslok.

Sólarorkuverið á þaki Polestar-sýningarsalarins, sem tekið var í notkun árið 2022, framleiddi áfram rafmagn í samræmi við áætlun. Einnig hélt áfram framleiðsla á heitu vatni með varmadælu, sem sett var upp árið 2023, og er það nýtt til gólfhitunar í sýningarsalnum.

Venjulegum AC-hleðslustöðvum og minni DC-hraðhleðslustöðvum á vegum Bílorku var fjölgað við starfsstöðvar Brimborgar til að mæta auknum fjölda rafbíla í rekstri, fleiri rafknúnum sýningar- og reynsluakstursbílum og aukinni þjónustupörf rafbíla á verkstæðum fyrirtækisins.

Sendibílaleigu Brimborgar var á árinu umbreytt alfarið í 100% rafsendibílaleigu og fjölgaði rafsendibílum í flotanum verulega.

Átak var gert í að bjóða langtímaleigu á rafbílum, sem leiddi til umtalsverðrar fjölgunar rafbíla í flota bílaleigu Brimborgar. Það jók hlutdeild fyrirtækisins á rafbílamarkaði, fjölgaði rafbílum í landinu og ýtti undir notkun viðskiptavina á hreinorkubílum. Þetta stuðlaði að minni brennslu jarðefnaeldsneytis og minni losun gróðurhúsalofttegunda í umfangi 3. Saga Car Rental, bílaleiga Brimborgar, hélt áfram að bjóða rafbíla til útleigu fyrir erlenda ferðamenn eftir árangursríka tilraun sem hófst sumarið 2023, þrátt fyrir að eftirspurn hafi verið lítil. Þetta hafði jákvæð áhrif á hlutdeild Brimborgar á rafbílamarkaði, fjölgaði rafbílum í landinu og minnkaði brennslu jarðefnaeldsneytis og losun, bæði í umfangi 3 vegna erlendra viðskiptavina og einnig í umfangi 1 og 2 hjá Brimborg.

Brimborg hélt áfram endurnýjun bílaflota sem notaður er í almennum rekstri fyrirtækisins (að undanskildum bílaleigubílum) og í lok árs 2024 voru hreinir rafbílar orðnir 66,5% af flotanum og tengiltvinnbílur 10%. Séu bílaleigubílar meðtaldir var hlutfall hreinna rafbíla 30% og tengiltvinnbíla 7%. Þetta leiddi til umtalsverðrar lækkunar á brennslu jarðefnaeldsneytis og þar af leiðandi til lækkunar á losun gróðurhúsalofttegunda.

Aðgerðir og samhengi umhverfislegarar sjálfbærni við heimsmarkmið

Sjálfbær orka (7)

Rafbílum var fjölgað í starfsemi félagsins, bæði í almennum rekstri og bílaleigu. Innflutningur á rafmagnsvörubílum og rafmagnsvinnuvélum hélt áfram og jókst þannig hlutfall rafbíla af heildarinnflutningi Brimborgar. Þessar aðgerðir stuðluðu að auknu hlutfalli endurnýjanlegrar orku í vegasamgöngum á Íslandi auk þess að leiða til orkusparnaðar, þar sem rafbílar eru sérlega orkunýtnir. Áfram var unnið að uppbyggingu hraðhleðslustöðva félagsins, sem styðja við aukna notkun rafbíla á landsvísu.

Aukin vöktun á snjóbræðslukerfum, betri hitastýring og endurbætt einangrun eldri bygginga skiluðu einnig sparnaði í notkun á heitu vatni. Framleiðsla á rafmagni úr sólarorku hélt áfram, sem og framleiðsla á heitu vatni með varmadælu. Þak verkstæðisbyggingarinnar á Bíldshöfða 6 var endurnýjað og einangrun aukin, sem leiddi til enn frekari orkusparnaðar.

Nýsköpun og uppbygging (9)

Mikil vinna var lögð í þróun og uppbyggingu hraðhleðslustöðva, sem styður við nýsköpunarmenningu innan félagsins og eflir jafnframt orkumál á landsvísu, ekki síst fyrir þungaflutninga, hópfarðabíla og ferðabjónustuna almennt. Árangur í framleiðslu frá sólarorkuverinu sem tekið var í notkun í júní 2022 er áfram vaktaður, sem og framleiðsla varmadælu sem sett var upp um mitt ár 2023. Haldið var áfram með endurbætur á fasteignum með áherslu á betri einangrun og LED-væðingu lýsingar. Einnig var hafist handa við þróun lóða Brimborgar á Höfðanum, sem verða hluti nýs borgarhluta á Ártúnshöfða, með það að markmiði að reisa þar byggingar sem verða framúrskarandi í nýsköpun.

Sjálfbærar borgir og samfélög (11)

Allar þær aðgerðir sem nefndar eru í tengslum við heimsmarkmið 7 og 9 falla jafnframt undir þetta markmið. Sérstök áhersla var lögð á endurbætur fasteigna með tilliti til orkusparnaðar, orkunýtni og betri innivistar. Þróunarverkefnið tengt nýjum borgarhluta á Ártúnshöfða tekur sérstaklega mið af þessu heimsmarkmiði.

Ábyrg neysla og framleiðsla (12)

Þjálfun starfsfólks í úrgangsflokkun var aukin, flokkunaraðstaða bætt, merkingar og leiðbeiningar skýrðar og jarðgerðarvélur teknar í notkun til að motta lífrænan úrgang frá mótuneytum. Nú er nánast allur lífrænn úrgangur mottaður og hefur flokkunar- og endurvinnsluhlutfall úrgangs aldrei verið hærra. Sérstök áhersla er lögð á innflutning bíla sem hafa langa endingartíma og eru auðveldir í endurvinnslu.

Aðgerðir í loftslagsmálum (13)

Mælingar á brennslu jarðefnaeldsneytis og losun hafa verið framkvæmdar fjögur ár í röð og markvisst er unnið að því að auka hlutfall rafbíla í flota Brimborgar, bæði í almennum rekstri og bílaleigu, til að draga úr brennslu og losun. Áhersla hefur verið lögð á markaðssetningu og afhendingu rafmagnsvörubíla og rafmagnsvinnuvéla til viðskiptavina sem ýtir undir samdrátt í brennslu og losun. Hlutfall rafbíla í innflutningi Brimborgar jókst enn frekar. Varmadælan sem innleidd var 2023 dregur úr notkun á heitu vatni. Auk þess skilaði betri stýring snjóbræðslukerfa og aukin einangrun eldri bygginga sér í minni heitavatsnotkun. Enn betri úrgangsflokkun og aukin endurvinnsla lækkaði kolefnisspor félagsins enn frekar.

Félagsleg sjálfbærni

Brimborg vinnur að félagslegri sjálfbærni í samræmi við kjarnagildi sjálfbærnistefnu félagsins, auk þess sem unnið er eftir mannauðsstefnu, jafnréttisstefnu, jafnlaunastefnu, mannréttindastefnu, stefnu gegn barnþrælkun og nauðungarvinnu, stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi (ekki birt á vef), öryggisstefnu og stefnu um vernd upplýðstrara. Að auki styðja aðrar stefnur, svo sem innkaupastefna, persónuverndarstefna, upplýsingaöryggisstefna, stefna gegn mútum, stjórnarháttayfirlýsing, starfsreglur stjórnar og siðareglur stjórnar, stjórnenda og starfsfólks við félagslega sjálfbærni fyrirtækisins.

Árangri á þessum sviðum er fylgt eftir af stjórn, jafnréttisnefnd, tveimur öryggisnefndum og persónuverndarfulltrúa, auk þess sem reglulega eru gerðar starfsánægjukannanir meðal starfsfólks.

Starfsfólki er ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynþáttar, þjóðernis, kynhneigðar, aldurs, trúar, skoðana eða annarra þátta, og félagið fylgir framangreindum stefnum í hvívetna. Brimborg starfar í kviku samkeppnisumhverfi sem gerir miklar kröfur til starfsfólks og kallar á stöðugar breytingar. Því er nauðsynlegt að viðhalda vinnustaðameningu sem tekur breytingum vel og styður við starfsfólk með áherslu á þjálfun, framþróun í starfi og endurmenntun.

Félagið leggur áherslu á að verktakar og undirverktakar fari að lögum varðandi réttindi starfsfólks, hvort sem um er að ræða launþega eða sjálfstæða verktaka, og að þeir uppfylli kröfur í samræmi við innkaupastefnu Brimborgar.

Ofbeldi eða áreitni, hvort heldur sem er andlegt eða líkamlegt, er ekki liðið og getur leitt til brottvikningar úr starfi. Starfsfólk sem verður fyrir slíkri hegðun er hvatt til að snúa sér til næsta yfirmanns, mannauðsstjóra eða trúnaðarmanna félagsins.

Starfskjarastefna Brimborgar hefur það að markmiði að laða að og halda í hæft starfsfólk. Í stefnunni kemur fram að kyn eða aðrir persónueiginleikar sem ekki tengjast starfinu eða frammistöðu þess skuli ekki hafa áhrif á laun eða launaþróun. Félagið hefur innleitt jafnlaunavottun til að tryggja sanngirni og samræmi í launamálum, auk þess sem stjórnendur hafa aðgang að miðlægum viðmiðum um launabyggingu og launaþróun á ytri markaði.

Brimborg tekur samfélagslega ábyrgð alvarlega og leggur áherslu á að hún sé samofin menningu félagsins, eins og endurspeglast í meginreglum þess. Mikilvægt er að starfsfólk fari í öllu að lögum og reglum, góðir stjórnarhættir séu virtir og að farið sé að samkeppnis- og persónuverndarlögum. Réttindi starfsfólks eru tryggð, meðal annars með skriflegum ráðningarsamningum, jafnréttisstefnu og jafnlaunavottun sem staðfest var 12. apríl 2021. Að auki leggur félagið mikla áherslu á að taka virkan þátt í samfélagslegum verkefnum, en á árinu voru áherslur félagsins sérstaklega á sviði orkuskipta, loftslagsmála og hringrásarhagkerfisins.

Starfsfólki af erlendum uppruna var svipað hlutfall og árið áður eða um 19% af heildarfjölda starfsfólks, af 19 mismunandi þjóðernum. Aukin áhersla var lögð á miðlun upplýsinga á ensku auk íslensku. Starfsánægjukannanir eru framkvæmdar reglulega, auk þess sem áhersla á innleiðingu umbóta eftir niðurstöðum þeirra hefur verið aukin og starfsfólki miðlað upplýsingum skipulega um framgang verkefna.

Ýmsar aðgerðir

Á árinu 2024 voru allar félagslegar stefnur Brimborgar teknar til endurskoðunar með það að leiðarljósi að uppfylla kröfur ESRS staðalsins og lágmarksverndarráðstafanna. Samhliða þeirri vinnu var einnig horft til hvernig hægt væri að bæta, uppfæra og nýta núverandi verkferla og tól til að uppfylla kröfurnar, líkt og leiðbeinandi viðmið sameinuðu þjóðanna mæla með að gert sé. Mikil óvissa og breytingar á kröfum sjálfbærniregluverskins töfðu vinnunna og var ljóst að lengri tíma þyrfti til að klára verkefnið. Með innleiðingu gervigreindar við ýmis verkefni hjá Brimborg var einnig farið af stað með tilraunaverkefni að nýta gervigreindina við umbótavinnu við stefnu og verkferla. Vinnan er langt komin og vonast er eftir að hægt sé að ljúka henni á árinu 2025. Þó er vinnan í eðli sínu þannig að stöðugar umbætur eru nauðsynlegar í þessu síbreytilega umhverfi og sést það meðal annars skýrt þegar horft er til Mannréttindaáreiðanleikakönnuninnar en ferid er sett fram sem hringur sem heldur endalaust áfram.

Aðgerðir og samhengi félagslegrar sjálfbærni við heimsmarkmið

Engin fátækt (1)

Jafnlaunastefnan er virk í framkvæmd og launastefnan er skýr, meðal annars með það markmið að útrýma óútskýrðum launamun. Allt starfsfólk er með skriflega ráðningarsamninga, launakjör eru ávallt yfir lágmarkslaunum og meðallaun starfsmanna eru með þeim hæstu innan greinarinnar í samanburði við sambærileg fyrirtæki. Sérstök áhersla er lögð á að starfsfólk hafi möguleika á framgangi í starfi á grundvelli árangurs, sem mældur er með ýmsum hætti. Starfsfólki af erlendum uppruna hefur fjölgað og vinnur nú fólk af 19 þjóðernum hjá félaginu eða um 19% starfsmanna. Félagið hefur tekið virkan þátt í samstarfi við góðgerðafélög um að veita flóttafólki og hælisleitendum tækifæri á vinnumarkaði. Sérstök áhersla er á að starfsfólk af erlendum uppruna og aðrir minnihlutahópar aðlagist vinnustaðnum vel og fljótt.

Heilsa og velliðan (3)

Heilsufarsskoðanir hafa verið eflar og starfsfólk hvatt til heilbrigðs lífsstíls, meðal annars með samgöngustyrkjum, styrkjum til líkamsræktar og annarrar heilsueflingar, auk þátttöku í viðburðum eins og „Hjólað í vinnuna“.

Menntun fyrir alla (4)

Brimborg leggur sérstaka áherslu á símenntun starfsfólks, bæði í samstarfi við birgja og innanlandsmenntun sem tengist vörum og þjónustu félagsins, auk þess sem starfsfólk er stutt til að sækja námskeið sem efla færni þeirra, almenna jafnt sem sérhæfða. Nýtt starf kennslu- og fræðslustjóra var tekið í notkun, sem hefur bætt skipulag símenntunar og þjálfunar. Sérstaklega er lögð áhersla á móttöku nema, og hlaut félagið viðurkenningu frá Nemastofu sem Fyrirmyndarfyrirtæki, auk þess sem Brimborg fagnaði Íslandsmeistaratitli í bifvélavirkjun innan sinna raða.

Jafnrétti kynjanna (5)

Félagið vinnur eftir skýrri jafnréttisstefnu og tryggir jöfn laun fyrir sömu störf og hæfni. Sérstök stefna er gegn hvers kyns áreiti, kynferðislegu eða kynbundnu ofbeldi, og lögð er áhersla á að jafna kynjahlutföll í karllægri grein með því að hvetja sérstaklega konur til að sækja um störf. Þrátt fyrir að heildarhlutfall kvenna í greininni hafi lítið breyst eru jákvæðar breytingar í einstökum deildum þar sem fáar eða engar konur störfuðu áður.

Góð vinna og hagvöxtur (8)

Brimborg er leiðandi fyrirtæki varðandi meðallaun innan bilgreinarinnar miðað við sambærileg fyrirtæki. Sérstök áhersla er lögð á jöfn laun og jöfn tækifæri allra starfsmanna, ásamt því að veita starfsfólki möguleika á framgangi. Félagið býður góð og vel launuð störf þar sem fólk með skerta starfsgetu getur átt sinn stað. Vexti og framleiðni er stjórnað með hliðsjón af samfélags- og umhverfissjónarmiðum, meðal annars með hárrí hlutdeild hreinorkutækja í vöruframboði, sérhæfðri þjónustu við hreinorkubíla og framúrskarandi úrgangsstjórnun.

Aukinn jöfnuður (10)

Með áherslu á jafnrétti og jöfn laun og með því að taka vel á móti starfsfólki óháð uppruna, þjóðerni, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund skapar félagið aukinn jöfnuð. Þetta hefur endurspeglast í fjölgun starfsmanna af erlendum uppruna, sem voru af 19 þjóðernum eða um 19% starfsfólks á árinu. Sérstök áhersla er lögð á að allir hafi jöfn tækifæri til starfsþróunar, þannig að starfsfólk af erlendum uppruna geti tekið fullan þátt í íslensku samfélagi.

Friður og réttlæti (16)

Félagið leggur ríka áherslu á að virða lög og reglur í öllum sínum viðskiptum. Það berst gegn skipulagðri brotastarfsemi með vandvirku vali á birgjum og rýnir sérstaklega viðskiptavinum sem kaupa skráningarskyld ökutæki samkvæmt lögum um varnir gegn hryðjuverkum og peningabætti. Brimborg hefur komið upp öflugum kerfum og ítarlegri þjálfun starfsfólks í þessum efnum. Lögð er áhersla á að vinnustaðurinn sé laus við einelti eða hvers kyns öfbeldi og skýrar viðbragðsáætlanir eru til staðar komi upp slík mál.

Sjálfbærir stjórnarhættir

Brimborg vinnur markvisst að því að tryggja góða stjórnarhætti með skýru skipulagi og heildstæðri sjálfbærnistefnu. Stefnan inniheldur reglur sem leiðbeina um gott viðskiptasiðferði, stjórnarháttayfirlýsingu, starfsreglur stjórnar, stefnu gegn spillingu og mútum, samkeppnisstefnu og upplýsingaöryggisstefnu, auk þeirra stefna sem áður hafa verið nefndar undir umhverfis- og félagslegri sjálfbærni. Árangur er metinn með mælingum meðal starfsfólks, birgja og viðskiptavina, starfi virkra nefnda og með reglulegu eftirliti með umfjöllun um félagið, úrskurðum og dómsmálum.

Á þessu sviði er lögð rík áhersla á kjarnagildi félagsins og að allt starfsfólk og stjórnendur virði lög, stundi góða viðskiptahætti og viðhafi gott viðskiptasiðferði gagnvart öllum hagaðilum. Starfsfólki ber að tilkynna til næsta yfirmanns eða yfirstjórnar ef það verður vart við lögbrot eða atvik sem eru á mörkum góðra viðskiptahátta eða siðferðis. Trúnaðar er gætt óski starfsfólks þess, og það skal ekki gjalda þess á nokkurn hátt í starfi. Félagið hefur sett upp skrifleg ferli varðandi móttöku fjármuna frá viðskiptavinum og hefur starfsfólk í viðeigandi störfum undirritað leiðbeiningar um hvernig meðhöndla skuli peningagreiðslur og upplýsingagjöf vegna þeirra með tilliti til varna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Brimborg fylgir siðareglum og stefnu um að stjórnendur og annað starfsfólk skuli ekki þiggja gjafir, þjónustu, skemmtun eða persónulega greiða sem gætu með réttu talist hafa áhrif á viðskipti. Boð um skemmtanir skal aðeins þiggja innan marka viðurkenndrar viðskiptagestrisni. Starfsfólki ber jafnframt að tilkynna yfirmanni sínum tafarlaust ef það fær tilboð eða verður fyrir hótunum í tengslum við störf sín.

Félagið virðir mannréttindi, réttinn til félagafrælsis og kjarasamninga og starfar samkvæmt persónuverndarstefnu. Lögð er áhersla á að starfsemin sé í samræmi við þau heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem Brimborg hefur valið að tengja við sjálfbærnistefnuna.

Ýmsar aðgerðir

Á árinu 2024 voru stefnur Brimborgar tengdar stjórnarháttum teknar til endurskoðunar með það að leiðarljósi að uppfylla kröfur ESRS staðalsins og lágmarksverndarráðstafanna. Samhliða þeirri vinnu var einnig horft til hvernig hægt væri að bæta, uppfæra og nýta núverandi verkferla og tól til að uppfylla kröfurnar, líkt og leiðbeinandi viðmið sameinuðu þjóðanna mæla með að gert sé. Mikil óvissa og breytingar á kröfum sjálfbærniregluverksins töfðu vinnuna og var ljóst að lengri tíma þyrfti til að klára verkefnið. Með innleiðingu gervigreindar við ýmis verkefni hjá Brimborg var einnig farið af stað með tilraunaverkefni að nýta gervigreindina við umbótavinnu við stefnu og verkferla. Vinnan er langt komin og vonast er eftir að hægt sé að ljúka henni á árinu 2025. Þó er vinnan í eðli sínu þannig að stöðugar umbætur eru nauðsynlegar í þessu síbreytilega umhverfi og sést það meðal annars skýrt þegar horft er til Mannréttindaáreiðanleikakönnuninnar en ferð er sett fram sem hringur sem heldur endalaust áfram.

Aðgerðir og samhengi sjálfbærra stjórnarháttanna við heimsmarkmið

Samvinna um markmiðin (17)

Umfjöllun um þetta heimsmarkmið er hér vegna þess að það á við um öll svið sjálfbærni; umhverfis-, félagslega- og stjórnarháttanna. Mikil áhersla var lögð á samstarf við innri og ytri hagaðila við að ná settum markmiðum. Upplýsingastreymi til starfsfólks um framgang verkefna er reglulegt og skipulagt. Brimborg heldur árlega margvíslegar kynningar innanhúss og fyrir utanaðkomandi aðila, bæði einstaklinga og fyrirtæki. Meðal umræðuefna á þessum kynningum eru uppbygging sólarorkuvers, varmadælu, rafbílavæðing félagsins og bílaflotans almennt á Íslandi, rafvæðing vörubíla og vinnuvéla, uppbygging hleðsluinnviða og úrgangsstjórnun.

Félagið hefur einnig birt fjölda greina um sjálfbærnimál sem varða umhverfismál (svo sem orkuskipti, orkuframleiðslu, orkunýtni, úrgangsstjórnun), félagsleg málefni (flokunarreglugerðina o.fl.) og stjórnarhætti (sérstaklega upplýsingaöryggi). Í kjölfar netárásar upplýsti Brimborg opinberlega um árásina, viðbrögð félagsins við henni og aðgerðir í kjölfarið með það að markmiði að auka vitund um mikilvægi upplýsingaöryggis almennt á Íslandi.

Tilgangur flokkunarreglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum og **tryggja gagnsæi** í sjálfbærniupplýsingagjöf. Atvinnustarfsemi þarf:

1. að **stuðla verulega** að einu eða fleirum af sex umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar,
2. **ekki** að valda **verulegu tjóni** (DNSH) á hinum markmiðunum, og
3. að vera stunduð í samræmi við **lágmarksverndarráðstafanir** (minimum safeguards) skv. 18. gr.

Umhverfismarkmiðin

1. Mótvægi við loftslagsbreytingar
2. Aðlögun að loftslagsbreytingum
3. Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda
4. Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi
5. Mengunarvarnir og eftirlit með mengun
6. Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

Eins og áður kom fram voru gerðar breytingar á regluverkinu árið 2024 en nýjar kröfur taka fyrst gildi fyrir rekstrarárið 2025. Núverandi óvissa sem ríkir í kringum sjálfbærnuvergið í Evrópu og á Íslandi á síðustu misserum hefur jafnframt flækt forgangsroðun verkefna og hindranir sökum skorts á leiðbeiningum frá stjórnvöldum sem nefndar voru í skýrslu í fyrra eru viðvarandi. Af þeim sökum var frekari vinnu til grundvallar DNSH-greiningu, bæði fyrir núverandi og ný umhverfismarkmið frestað því enn var talið ómögulegt að geta fullt um samræmi. Mun því upplýsingagjöf vegna flokkunarreglugerðarinnar ekki taka miklum breytingum milli ára.

Brimborg hóf þó, sem fyrr sagði, heildarendurskoðun og umbótavinnu í samræmi við kröfur ESRS staðalsins. Sérstök áhersla var lögð á að rýna félagslega þætti og stjórnarhætti því ljóst var að mikilli samlegð yrði af þeirri vinnu og vinnu við að uppfylla **lágmarksverndarráðstafanir** (*minimum safeguards*) flokkunarreglugerðarinnar. Þessi vinna er nú langt komin og mun Brimborgar geta fullt um allra næstu mánuðum að félagið uppfylli **lágmarksverndarráðstafanir** (*minimum safeguards*) sem bæði CSRD og flokkunarreglugerðin krefjast. Farið verður stuttlega yfir stöðu mála síðar í þessum kafla.

Kröfur íslenskra laga nr. 25/2023 um opinbera birtingu hæfrar og samræmdrar starfsemi eru þó eins og áður segir, enn í gildi svo, upplýsingaskylda Brimborgar skv. Flokkunarreglugerðinni er enn til staðar. Hér á eftir verður því hæfri starfsemi Brimborgar lýst, farið stuttlega yfir samræmi við tæknileg matsviðmið flokkunarreglugerðarinnar og snert á þeim hindrunum sem enn standa í vegi fyrir að hægt sé að fullyrða um að starfsemi félagsins sé samræmd og því umhverfislega sjálfbær. Að lokum verður birtur útreikningur hlutfalls veltu, fjárfestinga og rekstrarkostnaðar fyrir hæfa starfsemi í fyrir rekstrarárið 2024.

Hæf starfsemi í skilningi reglugerðarinnar

Hæf (e. eligible) starfsemi er sú starfsemi félagsins sem samræmist lýsingu flokka sem hafa verið skilgreindir í reglugerð. Brimborg einbeitti sér að kjarnastarfsemi og þeirri starfsemi hvers megin hlutverk er mótvægi við loftslagsbreytingar. Að athuguðu máli taldi félagið að hæf starfsemi félagsins næði til eftirtalra flokka:

FLOKKUR 3.3 FRAMLEIÐSLA Á LÁGKOLEFNISTÆKNI FYRIR FLUTNINGA

Undir þessum flokki eru viðgerðir, viðhald, endurbætur, og uppfærsla á ökutækjum með litla losun kolefnis. Atvinnustarfsemi á verkstæðum Brimborgar fellur þar undir, hvort sem er á þjónustuverkstæðum félagsins fyrir fólks- og sendibíla, bíla hraðþjónustu hjá MAX1, almennar viðgerðir fyrir allar tegundir bíla hjá Vélalandi eða þjónustuverkstæði fyrir vörubíla og hópferðabifreiðar hjá Velti. Á öllum þessum starfstöðvum er meðal annars verið að þjónusta rafknúna, að hluta eða öllu leiti, fólks- (M1), sendi- (N1) og vöru- (N2 og N3) og hópþjónuðar (M2 og M3) með enga eða litla losun kolefnis í gegnum útblástursrör.

FLOKKUR 4.1 RAFORKUFRAMLEIÐSLA MEÐ NOTKUN SÓLARRAFORKUTÆKNI

Árið 2022 var reist sólarorkuver á þaki sýningarsals rafbílavörumerkisins Polestar. Raforkan sem framleidd er, nýtist til reksturs sýningarsalarins og við keyrslu varmadælu. Þegar framleiðslan er sem mest við góð birtuskilyrði er jafnvel hægt að nýta umfram framleiðslu til að knýja aðra starfsemi í húsnæði Brimborgar á sömu lóð.

FLOKKUR 4.16 UPPSETNING OG STARFRÆKSLA RAFMAGNSVARMADÆLA

Árið 2023 var sett upp varmadæla (loft í vatn) á þaki sýningarsals fyrir rafbílavörumerkið Polestar. Varmadælan nýtir varma frá útilofti sem notaður er til að hita upp vatn sem fer í gegnum varmaskipti við loftræsikerfið sem blæs þannig upphituðu, fersku lofti inn í rýmið og dregur þannig úr orkuþörf frá jarðvarma til gólfhitakerfis.

FLOKKUR 6.5 FLUTNINGAR MEÐ MÓTORHJÓLUM, FÓLKSBIFREIÐUM OG LÉTTUM ATVINNUÖKUTÆKJUM

Brimborg býður langtímaleigu og sendibíla-leigu undir vörumerkinu Brimborg og hefðbundna skammtímaleigu undir vörumerkinu Saga Car Rental. Að auki bjóða verkstæði Brimborgar upp á þjónustuleigu fyrir viðskiptavinum. Fyrirtækið notar enn fremur eigin bíla til daglegs reksturs, til að mynda á verkstæðum, í vöruhúsum, á skrifstofu og fyrir stjórnendur.

FLOKKUR 6.15 GRUNNVIRKI SEM GERIR FLUTNINGA Á VEGUM OG ALMENNINGSSAMGÖNGUR MEÐ LITLA LOSUN MÖGULEGA

Brimborg rekur hraðhleðslustöðvar fyrir rafknúin ökutæki undir vörumerkinu Bílorka. Í dag má finna hraðhleðslustöðvar Brimborgar opnar almenningi á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ en þær nýfast einnig fyrir eigin starfsemi félagsins. Einnig bættust við nokkrar minni stöðvar annars staðar á landinu. Stöðvarnar eru nauðsynlegar til að starfrækja losunarlausu flutninga á vegum og í þéttbýli án koltvísýringslosunar gegnum útblástursrör. Í fyrria flokkaði Brimborg þessa starfsemi undir flokk 4.9 en þykir nú eðlilegra að flokka hana sem flokk 6.15 og verður það nú framvegis.

FLOKKUR 7.4 UPPSETNING, VIÐHALD OG VIÐGERÐIR Á HLEÐSLUSTÖÐVUM FYRIR RAFKNÚIN ÖKUTÆKI Í BYGGINGUM

Á bílastæðum við allar byggingar Brimborgar hafa verið settar upp hleðslustöðvar fyrir rafknúin ökutæki sem notuð eru af söludeildum, verkstæðum, bíla-leigu, starfsmönnum Brimborgar og viðskiptavinum.

FLOKKUR 7.7 KAUP OG EIGNARHALD Á BYGGINGUM

Fasteignafjárfestingar, eignarhald, leiga og rekstur fasteigna falla undir þennan flokk en Brimborg á og rekur fasteignir á átta stöðum fyrir eigin rekstur og að hluta til útleigu.

Brimborg skoðaði einnig eftirfarandi flokka árið 2023 en ákvað að bíða með nánari greiningu og mun enn um sinn gera það.

FLOKKUR 7.1 SMÍÐI NÝRRAR BYGGINGA

Þessi flokkur nær líklega til starfsemi Brimborgar sem m.a. hefur reist byggingar fyrir eigin starfsemi, þar sem hluti bygginga hefur verið leigður út eða nýttur af utanaðkomandi aðila.

FLOKKUR 7.2 ENDURNÝJUN BYGGINGA SEM FYRIR ERU

Þessi flokkur nær líklega til starfsemi Brimborgar sem m.a. hefur farið í endurnýjun á byggingum sem hýsa eigin starfsemi.

FLOKKUR 5.5 SÖFNUN OG FLUTNINGUR Á HÆTTULAUSUM ÚRGANGI SEM ER AÐGREINDUR Í HLUTA VIÐ UPPTÖK

Þessi flokkur nær mögulega til starfsemi Brimborgar. Sökum eðlis starfsemi Brimborgar og mikilla umsvifa þá fellur til margvíslegur úrgangur í miklu magni sem er endurnotanlegur eða endurvinnanlegur. Þar má nefna margvíslega málma, dekk, pappír og timbur frá umbúðum og margt fleira. Úrgangslosun fer eftir flokkunarkerfi og ferlum Brimborgar og flokkunaraðstaða er til staðar á ýmsum starfstöðvum Brimborgar.

Umhverfislega sjálfbær starfsemi

Til að hæf starfsemi teljist vera umhverfislega sjálfbær þarf hún að uppfylla tæknileg matsviðmið um hvort hún stuðli að verulegu framlagi (e. substantial contribution) til eins eða fleiri af sex umhverfismarkmiðum sem tilgreind eru í reglugerðinni. Á sama tíma þarf hún að hlíta tæknilegum matsviðmiðum um að valda ekki verulegu tjóni (e. do no significant harm) á öðrum umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar. Sýna þarf með gögnum hvort þau séu uppfyllt. Að lokum þarf hún að vera í samræmi við **lágmarksverndarráðstafanir** (*Minimum safeguards*) skv. 18. grein flokkunarreglugerðarinnar.

Verulegt framlag til mótvægis við loftslagsbreytingar

Brimborg horfir fyrst og fremst til umhverfismarkmiðsins mótvægi við loftslagsbreytingar og leggur mat á hvort hæf starfsemi félagsins stuðlaði verulega að því.

Tvö skilyrði **flokks 3.3 um framleiðslu á lágkolefnistækni fyrir flutninga** eru framleiðsla, viðgerðir, viðhald, endurbætur, önnur notkun eða uppfærsla á: f) farartækjum í flokki M1 og N1 sem eru flokkuð sem létt ökutæki með sértæka losun koltvísýrings sem er minni en 50 g CO₂/km og i) farartækjum í flokki N2 og N3, sem eru ekki ætluð til flutninga á jarðefnaeldsneyti, með tæknilega leyfilegan hámarks massa með farmi umfram 7,5 tonn, sem eru „þung ökutæki með engri losun“ eða „þung ökutæki með lítilli losun“. Þarf starfsemin einungis að vera til staðar til að teljast stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar.

Skilyrði fyrir að **flokkur 4.1 um raforkuframleiðslu með notkun sólarraforkutækni** teljist stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar er einungis að í starfseminni sé framleitt rafmagn með slíkrri tækni. Það skilyrði stenst Brimborg og uppfyllir starfsemin kröfu um verulegt framlag að því leyti.

Tveir flokkar ná yfir starfsemi tengda hleðslustöðvum, **flokkur 6.15: grunnvirki sem gerir flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun mögulega og flokkur 7.4: uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum**. Brimborg metur muninn á þessum tveimur flokkum, þegar kemur að hleðslustöðvum, að hleðslustöðvar sem settar eru upp á bílastæðum í og við byggingar Brimborgar eða á öðrum bílastæðum og við aðrar byggingar falli undir flokk 7.4, en aðrar hleðslustöðvar þar sem meginstarfsemin felst í að veita almenningi aðgang að hleðslu falli undir flokk 6.15

Eina krafan í flokki 7.4 er að starfsemin sé til staðar. Kröfur fyrir flokk 6.15 eru einnig uppfylltar þar sem þær krefjast þess að hleðslustöðvarnar sé ekki ætlaðar til flutnings eða geymslu á jarðefnaeldsneyti og eru ætlaðar til starfrækslu farartækja sem eru ekki með neina koltvísýringslosun gegnum útblástursrör sem á við.

Flokkur 4.16 um uppsetningu og starfrækslu rafmagnsvarmadæla skal uppfylla tvö skilyrði til að hann teljist stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar. Annars vegar eru kröfur um orkunýtni sem varmadæla Brimborgar uppfyllir og hins vegar kröfur um að hnatthlýnunarmáttur kælimiðils varmadællunnar fari ekki yfir 675 sem varmadælan uppfyllir ekki.

Til að **flokkur 6.5 um flutninga með mótorhjólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum** teljist stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar þarf sértæk losun koltvísýrings farartækja í flokkum M1 og N1 að vera minni en 50 g CO₂/km. Frá 1. janúar 2026 þarf þetta gildi að vera 0 g CO₂/km.

Fyrsta skilyrði þess að **flokkur 7.7 um kaup og eignarhald á byggingum** teljist stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar er að byggingarnar sem um ræðir þurfa að vera í orkunýtingarflokki A. Orkunýtingin er skilgreind með orkunýtingarvottorði, sem skilgreint er með tilskipun ESB 2010/31 og frumorkupörf byggir á sama vottorði. Ísland er með heildarundanþágu frá þeirri tilskipun og orkunýtingarvottorð því ekki til staðar. Brimborg lítur því svo á að ómögulegt sé á þessu stigi máls að sýna fram á að starfsemin í þessum þremur flokkum uppfylli skilyrðin án frekari leiðbeininga frá stjórnvöldum. Starfsemin er því sjálfkrafa ekki samræmd.

Í fyrra, að lokinni greiningu á hvort hæf starfsemi stuðli verulega að einu af umhverfismarkmiðunum (hér mótvægi við loftslagsbreytingar) fyrir rekstrarárið 2023 fór fram greining á hvort lágmarksverndarráðstafanir gætu talist uppfylltar og hvort hæf starfsemi sem teldist stuðla verulega að völdu umhverfismarkmiði ylli verulegu tjóni á öðrum umhverfismarkmiðum. Eins og fyrr kom fram voru ýmsar ástæður fyrir því að frekari greiningu var frestað eða vinna við úrbætur tafðist. Til að forðast endurtekningu frá fyrri skýrslu verður hér því lögð áhersla á samantekt á því sem greint var í fyrra og upplýst um stöðu mála.

Lágmarksverndarráðstafanir

18. gr. flokkunarreglugerðarinnar mælir fyrir um lágmarksverndarráðstafanir. Þær byggja á viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, leiðbeinandi meginreglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi auk átta grundvallarsamþykktu í yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Vettvangur um sjálfbær fjármál hefur skilgreint kjarnaviðfangsefni lágmarksverndarráðstafanna. Mannréttindi, spilling og mútur, skattlagning og sanngjörn samkeppni.

Eftir ítarlega skoðun á lágmarksverndarráðstöfunum árið 2023 treysti Brimborg sér ekki til að fullyrða að þær væru uppfylltar að öllu leyti þó lagður hafi verið góður grunnur með viðeigandi stefnum og verklagsreglum. Vantaði m.a. upp á að áreiðanleikakönnun vegna mannréttinda (HRDD) væri framkvæmd í samræmi við kröfur 18. gr. flokkunarreglugerðarinnar. Brimborg lagði af stað í vinnu árið 2024 til að reyna að uppfylla allar lágmarksverndarráðstafanir en eins og áður hefur komið fram náðist því miður ekki að ljúka þeirri vinnu að fullu.

Mannréttindi

Brimborg hefur skuldbundið sig með formlegum opinberum stefnum að virða mannréttindi og réttindi launþega, bæði í eigin starfsemi og í virðiskeðjunni. Heildaryfirferð mannauðsstefnu og annarra stefna tengdum félagslegum þáttum er langt komin. Kröfur ESRS staðalsins voru notaðar sem grunnur að bættri uppsetningu og efnistöðum en jafnframt var reynt eftir fremsta megni að nýta texta núgildandi stefna. Drög að nýrri, endurbættri innkaupastefnu og siðareglum birgja sem uppfylla kröfur ESRS staðalsins liggja fyrir og biða yfirferðar. Allar núgildandi stefnur eru aðgengilegar á vef félagsins og starfsfólk fær þær til yfirlesturs og undirritunar við ráðningu og uppfærslu. Unnið var að því að styrkja þau ferli enn frekar á árinu 2024 og verður þeirri vinnu haldið áfram árið 2025.

Félagið hefur nú þegar ýmsar verklagsreglur í gildi sem eiga að stuðla að öryggi starfsfólks, m.a. með kynbundið ofbeldi og áreitni í huga. Jafnframt framkvæmir öryggisnefnd árlega áhættumat þar sem farið er yfir viðbúnað og líkamlegt öryggi tryggt en einnig er félagslegur aðbúnaðar greindur. Starfsánægjukönnun gefur starfsfólki jafnframt tækifæri til að koma athugasemdum nafnlaust á framfæri og er hún send út á þremur tungumálum til að koma til móts við sem flest starfsfólk en hjá Brimborg starfar nú starfsfólk af fjölda þjóðerna. Unnið er að því að koma upp sambærilegri könnun sem tekur fyrir grun um hvers kyns alvarleg brot. Viðbragðsáætlun er til staðar komi upp ýmis konar brot (hvers konar ofbeldi, áreitni, eða einelti) og er hún útlitluð er í jafnréttisstefnu. Unnið er að því að útvíkka þá áætlun til að ná yfir fleiri tegundir brota og samræma hana nýlegum leiðbeiningum frá Vinnueftirlitinu um verklag við upplýðstrun starfsfólks. Hvað varðar ábendingar sem koma ekki innanhús frá þá er að finna hnapp á heimasíðu fyrirtækisins þar sem hægt er að gefa hrós, senda ábendingu eða kvörtun. Þar geta bæði utanaðkomandi aðilar sem og starfsfólk tilkynnt mannréttindabrot eða önnur brot þó að hnappurinn sé mjög almenns eðlis. Komi upp slík tilkynning má grípa til viðbragðsáætlunar sem nefnd er í jafnréttisstefnu en jafnframt er unnið að því að bæta enn frekar ferli til að taka á móti upplýsingum frá upplýðstrara (e. Whistle blower), ef ske kynni að upp komi brot þar sem stjórnendur gerast sekir um eða stuðli að mannréttindabrotum eða öðrum alvarlegum brotum.

Engir dómsúrskurðir liggja fyrir um brot á vinnu- eða mannréttindum og mikilvægt er fyrir Brimborg að það verði áfram þannig. Vinna er hafin og heldur áfram við að bæta enn frekar stefnur, ferli og eftirfylgni og innleiða formlega áreiðanleikakönnun vegna mannréttinda (HRDD) í samræmi við kröfur 18. gr. Flokkunarreglugerðarinnar til að koma í veg fyrir mannréttindabrot í starfsemi Brimborgar sem og í starfsemi birgja og annarra samstarfsaðila.

Spilling og mútur

Brimborg hefur skýra opinbera stefnu um varnir gegn mútum og spillingu og hefur innleitt ferli og reglur til varnar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem viðeigandi starfsmenn hafa undirritað. Er þetta tekið fram í fyrrgreindri stefnu auk gæðastefnu félagsins þar sem einnig er lögð mikil áhersla á gott viðskiptasiðferði, að lögum og reglum sé hlýtt í einu og öllu og að öll hugsanleg brot séu tilkynnt án tafar. Jafnframt undirrita allir starfsmenn fyrirtækisins stefnu gegn spillingu og mútum þar sem verklagsreglur í tengslum við gjafir og mögulegar mútur eru útlistaðar, ábyrgðarmenn skilgreindir og áhættumat hefur verið framkvæmt. Einnig er tekið fram að þegar gengið er til samninga við nýja birgja eða viðskiptaaðila skuli tryggja að öll samskipti og viðskipti séu eðlileg. Í innkaupastefnu fyrirtækisins er einnig tekið á þessu og tekið fram að samstarfsaðilar skuli starfa í samræmi við stefnur Brimborgar og þeir valdir meðal annars með tilliti til sjálfbærnisjónarmiða. Engin spillingarmál hafa komið upp og eftir upplýsingum frá mannauðssviði hafa aðeins þrjár gjafir verið tilkynntar að verðmæti meira en 15.000 krónur.

Skattlagning

Fyrirtækið starfar í samræmi við skattalög sem og í anda skattalaga og reglna og nýtir bæði innri ferli og upplýsingatæknikerfi til eftirfylgni með skattskilum og árlega ytri endurskoðun á vegum Deloitte.

Sanngjörn samkeppni

Engin samkeppnislagabrot hafa komið upp í starfsemi fyrirtækisins og í starfslýsingum og ráðningarsamningum er hnykkt á mikilvægi þess að stjórnendur og starfsmenn fylgi samkeppnislögum í einu og öllu.

Að valda ekki umtalsverðu tjóni

Starfsemi sem telst hæf og stuðla verulega að einu umhverfismarkmiði þarf jafnframt að hlíta tæknilegum matsviðmiðum um að valda ekki umtalsverðu tjóni (e. do no significant harm) á öðrum umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar. Að öðrum kosti getur hún ekki talist samræmd.

Samantekt í töflum nær til þeirra flokka sem töldust hæfir, þ.e. töldust uppfylla skilyrði um verulegt framlag:

- Flokkur 4.1 um raforkuframleiðslu með notkun sólarraforkutækni
- Flokkur 6.15 um grunnvirki sem gerir flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun mögulega
- Flokkur 7.4 uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum.
- Flokkur 6.5 um flutninga með mótörhjólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum
- Flokkur 3.3 taldist jafnframt uppfylla skilyrðið um verulegt framlag en bættist seint við listann árið 2023 og frekari greining frestast aftur.

Fyrri taflan er samantekt greiningar á hvort Brimborg samræmist tæknilegum matsviðmiðum um að valda ekki umtalsverðutjóni. Seinni taflan útlistar tæknilegu matsviðmiðin eins og þau koma fram í reglugerðinni.

Tafla 1: Samantekt DNSH greiningar:

Samræmi við tæknileg matsviðmið um að valda **ekki umtalsverðu tjóni** (DNSH) á hinum markmiðunum

Flokkur (starfsemi) / Umhverfismarkmið 2-6	Aðlögun að loftslagsbreytingum	Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda	Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi	Mengunarvarnir og eftirlit með mengun	Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa	Niðurstaða DNSH
4.1 Raforku- framleiðsla – sólar-rafhliður	Áhættumat frestast	Á ekki við	Sólarrafhliður með 25 ára framleiðendaábyrgð. Framleiðandi tryggir að engin skaðleg efni séu notuð við framleiðslu. Við enda líftíma er flokkun og endurvinnsla skv. flokkunarkerfi og ferlum Brimborgar.	Á ekki við	Engin krafa um umhverfismats frá yfirvöldum. Önnur skilyrði eiga ekki við vegna staðsetningar á þaki í miðri byggð.	Ekki hægt að fullyrða um samræmi
6.15 Grunnvirki fyrir flutninga með litla losun	Áhættumat frestast	Vatnatilskipun óinnleidd ⇒ Hindrun	Uppsetning kallar ekki á neitt niðurrif beinlínis. Almennt er allur úrgangur sem fylgir framkvæmdum flokkaður og endurunnninn skv. Flokkunarkerfi og ferlum Brimborgar	Almennar verklagsreglur við uppsetningu: 1.Staðsetning valin sem næst raforkuinntaki/spennistöð til að lágmarka jarðrask og rykmengun 2.Áhersla á að notast við rafmagns-vinnuvélar og rafmagns-ökutæki þegar því er við komið.	Engin krafa um umhverfismat frá yfirvöldum. Engin villt búsvæði; Ágengar tegundir ekki vandamál einstakra fyrirtækja	Ekki hægt að fullyrða um samræmi
7.4 Uppsetning/viðhald hl.-stöðva við byggingar	Áhættumat frestast	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Ekki hægt að fullyrða um samræmi
6.5 Flutningar – rekstur & leiga rafbila o.fl.	Áhættumat frestast	Á ekki við	Endurvinnanleiki ≥ 95 % tryggður með tilskipun ESB 2000/53 sem gildir um öll tæki framleidd frá 1. Jan 2015.	Talsverðar hindranir, sjá nánar sérstakan kafla um hindranir.	Á ekki við	Ekki hægt að fullyrða um samræmi

Tafla 2: Tæknileg matsviðmið DNSH;

Að valda ekki umtalsverðu tjóni (DNSH) á umhverfismarkmiðum 2-6

Flokkur (starfsemi) / Umhverfis-markmið 2-6	Aðlögun að loftslags-breytingum	Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávar-auðlinda	Umskipti yfir í hringrásar-hagkerfi	Mengunarvarnir og eftirlit með mengun	Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa
4.1 Raforku-framleiðsla – sólar-rafhliður	Framkvæma þarf loftslags-áhættu- og veikleikamat skv. Viðbæti A.	Á ekki við	Krafa lögð á að búnaður og íhlutir séu með mikla endingu, endurvinnanleika og auðvelt er að taka í sundur og endurnýja.	Á ekki við	Kröfur sem settar eru fram í viðbæti D, þ.e. uppfylla skilyrði um umhverfismat ef þess er krafist.
6.15 Grunnvirki fyrir flutninga með litla losun	Framkvæma þarf loftslags-áhættu- og veikleikamat skv. Viðbæti A.	Uppfylla þarf skilyrði um að starfsemin sé í samræmi við ákvæði vatnatilskipunar ESB, sem sett er fram í viðbæti B.	Í samræmi við aðferðarlýsingu ESB um meðferð úrgangs frá byggingar og niðurrifsstarfsemi: 1. Að minnsta kosti 70% (massahlutfall) af hættulausum úrgangi frá (að undanskildum náttúrulegum efnivið) sem verður til á byggingarsvæðinu eru undirbúin fyrir endurnotkun, endurvinnslu og aðra endurnýtingu efniviðar, þ.m.t. fyllingaraðgerðir þar sem úrgangur er notaður í staðinn fyrir aðra efniviði. Einnig í samræmi við úrgangsmetakerfið. 2. Rekstraraðilar eiga að takmarka myndun úrgangs í ferlum, að teknu tilliti til bestu aðgengilegu tækni og með því að beita niðurrifi sem grundvallast á vali til að gera það kleift að fjarlægja og meðhöndla hættuleg efni á öruggan hátt og stuðla að endurnotkun og endurvinnslu í háum gæðaflokki með fjarlægingu efniviða sem grundvallast á vali og nota tiltæk flokkunarkerfi fyrir úrgang.	Þar sem við á er það mótvægi við hávaða og titring frá notkun grunnvirkis að taka í notkun opna skurði, veggálma eða aðrar ráðstafanir og farið er að tilskipun 2002/49/EB. Ráðstafanir eru gerðar til að draga úr hávaða, ryki og losun mengandi efna meðan byggingar- eða viðhaldsvinna stendur yfir	Kröfur sem settar eru fram í viðbæti D, þ.e. uppfylla skilyrði um umhverfismat ef þess er krafist. Þar sem við á þarf að tryggja viðhald á gróðri meðfram samgöngugrunnvirkjum svo að ágengar tegundir breiðist ekki út. Jafnframt skal mótvægisráðstöfunum hafa verið komið í framkvæmd til að komast hjá árekstrum við villtar lífverur.
7.4 Uppsetning/viðhald hl.-stöðva við byggingar	Framkvæma þarf loftslags-áhættu- og veikleikamat skv. Viðbæti A.	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
6.5 Flutningar – rekstur & leiga rafbila o.fl.	Framkvæma þarf loftslags-áhættu- og veikleikamat skv. Viðbæti A.	Á ekki við	Farartæki í flokkum M1 og N1 þurfa að uppfylla skilyrði um endurvinnanleika og úrgangsstjórnun: Endurvinnanleiki: a) unnt er að endurnota eða endurvinnna a.m.k. 85% miðað við þyngd, b) unnt er að endurnota eða endurheimta a.m.k. 95% miðað við þyngd. Úrgangsstjórnun: Ráðstafanir eru til staðar, bæði í notkunar-áfanganum (viðhald) og þegar flotinn er úrsér-genginn, þ.m.t. með endurnotkun og endurvinnslu rafhlaða og rafeindabúnaðar (einkum mikilvægra hráefna í þeim), í samræmi við úrgangsmetakerfið.	Farartæki þurfa að uppfylla: 1. nýjasta gildandi þrep Euro 6 gerðarviðurkenningar sem varðar losun léttra ökutækja. 2. losunarmörk fyrir umhverfisvæn létt ökutæki sem stuðla að notkun á hreinum og orkunýtnum ökutækjum. 3. kröfur um að ytri snúningshávaði hjólbarða í notkun sé í hæsta flokki og að veltivíðnámssstuðull hjólbarða í notkun sé í öðrum hvorum af tveimur hæstu flokkunum. 4. Kröfur þess í samræmi við reglugerð um hljóðstígg ökutækja og hljóðdeyfikerfa til endurnýjunar.	Á ekki við

Hindranir vegna skorts á innleiðingu, leiðbeiningum og túlkun stjórnvalda

Brimborg stendur enn frammi fyrir nokkrum utanaðkomandi hindrunum sem takmarka getu fyrirtækisins til að sýna óyggjandi fram á samræmi við tæknileg matsviðmið ESB-flokkunarreglugerðarinnar.

SJÁLFBÆR NÝTING VATNS- OG SJÁVARAUÐLINDA (MARKMIÐ 6).

Aðeins fyrsta vatnaáætlunin 2022 – 2027 er komin til framkvæmda og næsti áætlunarhringur (2028 – 2033) er enn í vinnslu; skýrar reglur og verklag til að staðfesta samræmi við matsviðmið vantar því enn, sem kemur í veg fyrir að Brimborg geti fullyrnt um samræmi starfseminnar.

GAGNAVÖNTUN UM ÖKUTÆKI (FLOKKUR 6.5)

Til að sýna fram á að flotinn valdi hvorki umtalsverðu tjóni né brjóti lágmarksviðmið þarf Brimborg að safna CO₂-, hávaða-, mengunar- og tæknupplýsingum fyrir hvert ökutæki. Vegna umfangs flotans verður sú gagnaöflun að vera sjálfvirk, en Samgöngustofa heldur enn ekki úti rafrænum gagnagrunni með þessum gögnum. Þótt ný framkvæmdarregla ESB 2024/1061 hafi formlega opnað fyrir rafræna miðlun COC-gagna í gegnum EUCARIS-kerfið, er sameiginlegur rafræn gagnagrunnur með CO₂-, hljóð- og mengunarpplýsingum enn óuppsettur hérlandis. Þetta tefur sjálfvirka greiningu Brimborgar á því hvort einstök ökutæki uppfylla kröfur flokkunarreglugerðarinnar.

ORKUNÝTNI BYGGINGA (FLOKKUR 7.7)

Ísland er enn með heildarundanþágu frá tilskipun ESB um orkunýtni bygginga (EPBD), svo orkunýtingarvottorð (EPC) og orkuflokkar A–G eru ekki til staðar. Unnið er að aðferðafræði fyrir orkuflokka bygginga og nýjar LCA-kröfur taka gildi 1. september 2025, en formlegt EPC-kerfi og lagastoð vantar enn; Brimborg getur því ekki staðfest orkuflokk A fyrir eignir sínar.

NAGLADEKK OG HJÓLBARÐAKRÖFUR (FLOKKUR 6.5)

Reglugerð (EU) 2020/740 um dekkjamerkingar undanskilur dekk „búin aukabúnaði til að auka grip“, svo sem nagladekk, frá öllum kröfum um veltivíðnám og hávaða. Þar sem tæknileg matsviðmið flokkunarkerfisins vísa beint í þessa reglugerð uppfylla ökutæki á nagladekkjum ekki viðeigandi hjólbardaskilyrði hluta úr ári. Framkvæmdastjórnin hefur hvorki sett sértækar leiðbeiningar né undanþágur, og samráðsgátt hagsmunaaðila hefur hingað til lítið skilað úrlausnum á sambærilegum álitamálum. Í ljósi þess, og þar sem ávinningur af erindi taldist óviss miðað við vinnuframlag, hefur Brimborg ákveðið að forgangsraða öðrum verkefnum og ekki sent inn formlegt erindi að svo stöddu.

Lykilmælikvarðar

Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um útreikning á lykilmælikvörðum í framseldri reglugerð ESB 2021/2178. Hlutfall veltu, fjárfestingarútgjalda og rekstrarútgjalda er reiknað í samræmi við 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar. Hins vegar er möguleiki á því að kröfur eða aðferðafræði muni taka breytingum eftir því sem reglugerðin verður uppfærð og getur það haft áhrif á framtíðarútreikninga félagsins. Eftir nánari ígrundun hefur verið ákveðið að færa þær tölur sem áður voru birtar í flokki 4.9 yfir í flokk 6.15. Þessi breyting er gerð þar sem hún endurspeglar betur eðli viðkomandi starfsemi og verða tölur því framvegis birtar þar.

Velta

Hlutfall veltu samkvæmt skilgreiningu flokkunarreglugerðarinnar nær yfir tekjur sem eru færðar skv. a-lið 82. mgr. alþjóðlegs reikningssskilastaðals (IAS-staðli) 1. Heildar velta í samræmi við skilgreininguna er í samræmi við heildar veltu samstæðunnar fyrir árið 2024 eins og hún kemur fram í rekstrarreikningi ársreiknings. Hlutfall veltu sem flokkunarkerfið nær yfir og telst frá hækki starfsemi er 7,06% en starfsemin telst þó ekki umhverfissjálfbær í skilningi reglugerðarinnar. Meðal annars eru það tekjur vegna hleðslustöðva sem fjárfest var í á árinu 2023 og eru skila sér inn í rekstur félagsins í ár. Um er að ræða alls 7.374.009 kr. vegna starfsemi í flokki 6.15 á árinu 2024. Sjá önnur hlutföll í töflu yfir veltu á bls. 32

Fjárfestingarútgjöld

Við höfum úthlutað fjárfestingargjöldum á hæfa starfsemi í samræmi við flokkunarreglugerðina. Fjárfestingargjöld samkvæmt 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar samanstanda af viðbótum vegna efnislegra og óefnislegra eigna á rekstrarárinu fyrir afskriftir, niðurgreiðslur og endurmat, að undanskildum breytingum á gangvirði. Fjárfestingarútgjöld námu alls 2.973.367.442 kr. á árinu 2024 í samræmi við viðbætur ársins í skýringu 7 með ársreikningi. Fjárfestingarútgjöld vegna hæfrar starfsemi árið 2024 eru 90,17% af heildar fjárfestingarútgjöldum félagsins en enn telst engin starfsemi að fullu samræmd og því umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar. Sjá önnur hlutföll í töflu yfir fjárfestingarútgjöld á bls. 33.

Rekstrarútgjöld

Flokkunarreglugerðin skilgreinir rekstrargjöld þrengra en almennt gildir um rekstrargjöld í reikningshaldslegum skilningi. Undir rekstrargjöld skal falla beinn kostnaður sem ekki er færður til eignar, sem varðar rannsóknir og þróun, ráðstafanir vegna endurnýjun bygginga, skammtímaleigu, viðhald og viðgerðir og önnur bein útgjöld vegna daglegs viðhalds varanlegra rekstrarfjármuna fyrirtækisins eða þriðja aðila sem starfsemi er útvistað til, sem þörf er á til að tryggja áframhaldandi skilvirka starfrækslu slíkra eigna. Rekstrargjöld allrar starfsemi félagsins á árinu 2024 eftir þessari skilgreiningu námu 481.411.957 kr. Þar af voru 86,63% allra rekstrargjalda tilkomin vegna hæfrar starfsemi í skilgreiningu flokkunarreglugerðarinnar en hvergi var hægt að fullyrða um fullt samræmi. Sjá hlutföll í töflu yfir rekstrarútgjöld á bls. 34

Velta

[illegible]

Viðmið fyrir verulegt framlag	Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")
-------------------------------	---

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildarfjárfestingar (3)	Hlutfall fjárfestingargjalda (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5) *	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Váns- og sjávarauðindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Váns- og sjávarauðindir(13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)	Lágmarks vendarráðstafanir (17)	Hlutfall fjárfestingar-gjalda sem fellur að flokkunar- kerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur(starf- semi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfis- markmiðum (20)	Flokkur "(umbreytingar- starfemi)" (21)
Texti		ISK	%		%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			90,17%																
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																			
			0,00%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	0%	-	-
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0,00%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	0%	0%	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																			
Framleiðsla á lággölefnistækni fyrir flutninga	3.3	0	0,00%																
Raforkuframleiðsla með notkun sólarraforkutækni	4.1	0	0,00%																
Uppsetning og starfraeksla rafmagnsvarmadæla	4.16	0	0,00%																
Grunnvirki sem gerir flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun mögulega	6.15	272.805	0,01%																
Flutningar með mótörhjóllum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum: Kaup, leiga og starfraeksla farartækja sem tilheyra flokki M1, N1 og L	6.5	2.665.951.053	89,66%																
Uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum (og bílastæðum sem eru tengd byggingum)	7.4	0	0,00%																
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	14.732.540	0,50%																
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		2.680.956.398	90,17%																
Alls (A.1+A.2)		2.680.956.398	90,17%																
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																			
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		292.411.044	9,83%																
Alls (A+B)		2.973.367.442	100,00%																

Viðmið fyrir verulegt framlag	Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")
-------------------------------	---

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildar rekstrargjöld (3)	Hlutfall rekstrargjalda (4)	Mótvægi við loftsílagsbreytingar (5)*	Aðlögun að loftsílagsbreytingum (6)	Váms- og sjávaraudlindir (7)	Hringrásahagkerfið (8)	Mengun (9)	Lífraðileg fjölbreytni og vísikerfi (10)	Mótvægi við loftsílagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftsílagsbreytingum (12)	Váms- og sjávaraudlindir(13)	Hringrásahagkerfið (14)	Mengun (15)	Lífraðileg fjölbreytni og vísikerfi (16)	Lágmarks vendaráðstafanir (17)	Hlutfall rekstrargjalda sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur(starf- semi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfis-markmiðum (20)	Flokkur "(umbreytingar-starfsemi)" (21)
Texti		ISK	%	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			86,63%																
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																			
			0,00%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	0%	-	-
Rekstrargjöld frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)	0	0,00%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	0%	0%	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																			
Framleiðsla á lággolefnistækni fyrir flutninga	3.3	0	0,00%																
Raforkuframleiðsla með notkun sólarraforkutækni	4.1	0	0,00%																
Uppsetning og starfraeksla rafmagnsvarmadæla	4.16	0	0,00%																
Grunnvirki sem gerir flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun mögulega	6.15	8.371.555	1,74%																
Flutningar með mótörhjólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum: Kaup, leiga og starfraeksla farartækja sem tilheyra flokki M1, N1 og L	6.5	202.398.025	42,04%																
Uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum (og bílastæðum sem eru tengd byggingum)	7.4	4.442.489	0,92%																
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	201.831.931	41,92%																
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem ekki fellur að flokkunarkerfinu) (A.2)		417.044.000	86,63%																
Alls (A.1+A.2)		417.044.000	86,63%																
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																			
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		64.367.957	13,37%																
Alls (A+B)		481.411.957	100,00%																